



Grepp Grundfärg

Vörunr. 4242

Lýsing

Grepp Grundfärg (4242) er alkýðgrunnmálning, ætluð til nota innanhúss. Málningin er létt í vinnslu, flýtur vel og þornar fljótt.

Notkun

Grepp Grundfärg (4242) er ætluð til grunnunar á viði og stáli innanhúss. Málningin hentar einnig vel til grunnunar á verksmiðjulakkaða fleti.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Hvítt	Þurrefni: 47 % (rúmmál)
Gljástig: Matt	Þynnir: Terpentína
Pakkningar: 1/2, 1 og 4 lítra	Áhaldahreinsir: Terpentína
Efnisnotkun: 8-10 m ² /l	Þurrktími: 1 klst
Eðlisþyngd: 1,3 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 6 klst.

Undirmálun

Ekki þarf að grunna sérstaklega undir þennan grunn. Notið Beckers Snickerispackel við spörtlun og ílögn.

Yfirmálun

Málið yfir hana með alkýðmálningarefnum eða hefðbundnum plastmálningum. Hún þolir hins vegar ekki málningar með sterkum leysiefnum.

Áhöld

Pensill eða sprauta. Hreinsið áhöld með terpentínu eða Penslasápu strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Viður og spónaplötur: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með **Grepp Grundfärg** (4242).


Járn og stál: Hreinsið burt ryð, fitu og önnur óhreinindi. Grunnið með **Grepp Grundfärg** (4242).

Endurmálun

Alkýð- og verksmiðjulakkaðir fletir: Þvoið með Málningarhreinsi (6208). Skolið vandlega með vatni. Grunnið með **Grepp Grundfärg** (4242).

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfátnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.